

Mál nr. 85/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur við gatnamót Krókhálsar og Hálsabrautar þann 14.02. 2006

Gögn.þar

- 1) Málskot móttakið 24.04. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 10.05. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.05. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. A var ekið af Krókhálsi inn á Hálsabraut í hægri beygju. B var ekið um Hálsabraut. Stöðvunarskylda er á Krókhálsi gagnvart umferð um Hálsabraut. Til álita er hvort ökumaður A hafi ekið í veg fyrir B eða hvort rekja megi áreksturinn til ógætilegs aksturs B.

Ökumaður A var í ökuþrófi þegar áreksturinn varð. Fyrirliggjandi eru frásagnir ökumanna og prófdómara sem var í A.

Vátryggingafélag A telur að ekki sé fyllilega ljóst hversu langt frá gatnamótunum áreksturinn hafi orðið. Sú almenna regla gildi í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga að sé bíl ekið á eftir öðrum þá beri viðkomandi áhættuna af því að árekstur verði. Eðlilegt sé að sá sem haldi því fram að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi, sem leiði til þess að önnur regla gildi, beri sönnunarbyrði fyrir því hvernig aðstæðum var háttað. Félagið tekur undir kröfu M um að A hafi verið í rétti þegar B var ekið aftan á A.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið af stað frá stöðvunarskyldu, þar sem honum bar að víkja fyrir umferð um Hálsabraut, í veg fyrir B. Áreksturinn hafi orðið við gatnamótin og að ósannað sé að ökumaður B hafi hagað akstri sínum með þeim hætti að á hann verði lögð sök.

Hemlaför eftir B mældust 15.65 metrar og færð var blaut.

Álit.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um nákvæma staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn. Ökukennarinn lætur þess m.a. getið að "er prófbifreiðin var komin um 3 – 4 bíllengdir inn á Hálsabraut glumdi við einhver hávaði og árekstur varð".

Að framanrituðu virtu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A halla af sönnunarskorti um nákvæma fjarlægð frá gatnamótunum að árekstursstað. Ökumaðurinn átti stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Hálsabraut. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður að telja að áreksturinn hafi orðið í beinu framhaldi af því að ökumaður A ók inn á gatnamótin.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við fyrirliggjandi gögn.

Það breytir ekki framanrituðu þó að próftaki, þ.e. ökumaður A, hafi náð ökuprófinu þrátt fyrir að hann hafi lent í árekstri þessum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. maí 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.